



## VÍSINDASIÐANEFND

Borgartúni 21 - 4. hæð

105 Reykjavík,

Sími: 551 7100

netfang: [vsn@vsn.is](mailto:vsn@vsn.is) [www.vsn.is](http://www.vsn.is)

Landspítali háskólasjúkrahús,  
Bækunarskurðlækningadeild  
Halldór Jónsson Jr., sérfræðingur  
halldor@landspitali.is

Reykjavík 24. mars 2020

Tilv.: VSNb2020030006/03.01

Efni: 20-063 - Sarkmein á Íslandi 2000-2019

Umsókn þinni til Vísindasiðanefndar hefur verið gefið númerið VSN-20-063. Við förum vinsamlegast fram á að það númer verði notað í samskiptum vegna þessarar umsóknar.

Á fundi sínum 24.03.2020 fjallaði Vísindasiðanefnd um umsókn þína vegna ofangreindrar rannsóknaráætlunar.

Meðrannsakendur þínir eru: „*Pórey Bergsdóttir, læknanemi, Landspítalanum Fossvogi, Helgi Sigurðsson, sérfræðingur, Krabbameinslækningadeild, Landspítali, Bjarni A. Agnarsson, sérfræðingur, Rannsóknardeild Landspítala í meinafræði og Helgi Birgisson, sérfræðingur, Krabbameinsskrá Íslands.,*

Rannsóknin er gagnarannsókn. Um rannsóknarúrtakið segir í kafla B-1 í umsókn til nefndarinnar: „*Peir einstaklingar sem hafa greinst með sarkmein á Íslandi síðastliðin 20 ár (2000 - 19) verða í úrtaki rannsóknarinnar. Listi yfir þessa einstaklinga verður fenginn frá Krabbameinsskrá.,*

Öflun gagna verður úr eftirfarandi gagnasöfnun:

Sjúkraskrár í Heilsugátt, Sögu og frá skjalasafni Landspítala í Vesturhlíð.

Sjúkraskrár frá spítalanum á Akureyri.

Sjúkraskrár frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Sjúkraskrár frá Orkuhúsinu.

Lífssýnasaðnir og niðurstöður meinafræðirannsókna meinafræðideilda Landspítala og Suðurlandsbraut. Niðurstöður myndrannsókna frá Domus Medica, Orkuhúsinu, Hjartavernd og sjúkrahúsum úti á landi.

Í kafla B-2 í umsókn segir varðandi gagnaöflun í þágu rannsóknarinnar: „*Einstaklingar sem greinst hafa með sarkmein, sjá Snomed greiningarlista í viðhengi, á Íslandi á árunum 2000-2019. Óskað er eftir að fá aðgang að kennitölulista frá Krabbameinsskrá með kennitöllum þessara einstaklinga ásamt þeim upplýsingum sem Krabbameinsskrá safnar, greining, greiningardagur, dánardagur o.s.frv. Úrtak rannsóknarinnar mun miðast við lista Krabbameinsskráar. Einnig er óskað eftir að fá aðgang að sjúkraskrám þessara einstaklinga í Heilsugátt, pappirssjúkraskrá frá skjalasafni Landspítala, eða á þeiri stofnun þar sem viðkomandi einstaklingur greindist. Þar verður unnið með upplýsingar um greiningarferli, þar á meðal niðurstöður myndrannsókna, meinafræðirannsókna sem verða fengin frá þeiri stofnun þar sem viðkomandi greindist. Einnig verður unnið með upplýsingar um meðferð þessara sjúklinga ásamt eftirfylgd. Tæmandi breytulista má sjá í viðhengi. Framfarir hafa orðið í meinafræðilegri greiningu sarkmeina síðastliðin ár og hefur Alþjóða Heilbrigðisstofnun (e. World Health Organization, WHO) unnið að endurskilgreiningu ákveðinna verfjagerða þessara*

æxla. Til stendur að fara aftur yfir sýni þar sem greining er úrelt eða þar sem greining var óljós á sinum tíma. Þetta verður framkvæmt undir umsjón og á ábyrgð Bjarna A. Agnarssonar. Þau gögn sem nefnd hafa verið hér að ofan eru nauðsynleg til þess að gefa okkur betri mynd af greiningu, meðferð og eftirfylgd sjúkdómsins hjá hverjum einstakling fyrir sig. Sarkmein greinast viða í likamanum ásamt því að hafa mismunandi klíniska birtingarmynd. Það er gert ráð fyrir því að þeir einstaklingar sem hafa greinst fyrir tilkomu og í byrjun IceSG hafi verið meðhöndlæðir hjá mismunandi meðferðaráðilum, jafn á Landspítala sem og einkastofum. Því óskum við eftir að henda út stóru neti í þeirri von að fá heimild til að sækja gögn frá þeim meðferðaráðilum sem hafa komið að málum hvers einstaklings fyrir sig."


Personugreinanleg gögn verða dulkóðuð áður en tölfraðileg úrvinnsla fer fram. Fram kemur í umsókn að gögnum verður eytt í samráði við við tæknisólk tölvudeildar spítalans þegar allri úrvinnslu er lokið. Áréttáð er að þar sem frambúðarvarðveisla gagna er ekki fyrirhuguð ber að eyða personugreinanlegum rannsóknargögnum þ.m.t. greiningarlykli innan hæfilegs tíma að rannsókn lokinni eða í síðasta lagi innan fimm ára frá því tímamarki.

Rannsóknarlok skv. umsókn eru 31.03.2023. Vakin er athygli á að leyfi nefndarinnar miðast við tilgreind rannsóknarlok nema sótt verði um framlengingu á gildistíma leyfis innan þess tíma.

Áréttáð er að það er ábyrgðarmaður rannsóknar sem ber ábyrgð á að framkvæmd rannsóknar sé í samræmi við samþykktta rannsóknaráætlun og að öryggi rannsóknargagna sé tryggt.

Vísindasiðaneftnd sér því ekkert til fyrirstöðu að umsækjandi fái aðgang að þeim upplýsingum sem upp eru taldar í kafla B-2 í umsókn úr þar tilgreindum gagnaskrám. Með vísan til 1.mgr. 12. gr.laga nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, er rannsóknaráætlunin endanlega samþykkt með þeim almenna fyrirvara að lögbundið samþykki skrárhlaldara skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 44/2014 verður að liggja fyrir áður en vinna með heilbrigðisgögn viðkomandi stofnunar/skrárlaldara hefst.

Vísindasiðaneftnd áréttar að ábyrgðarmaður rannsóknarinnar ber ábyrgð á að sótt sé um viðeigandi leyfi fyrir rannsókninni hjá þeim stofnunum sem við á. Óheimilt er að hefja framkvæmd rannsóknarinnar fyrir en þau liggja fyrir. Afrit leyfa/samstarfsfyrlysinga þurfa að berast nefndinni. Áréttáð er að allar fyrirhugaðar breytingar á þegar samþykkti rannsóknaráætlun þurfa að koma inn til nefndarinnar til umfjöllunar. Jafnframt ber ábyrgðarmanni að sækja um breytingar til þeirra stofnanna, sem veitt hafa leyfi vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða öflunar gagna, um framangreint, ef við á. Vísindasiðaneftnd bendir rannsakendum vinsamlegast að birta VSN tilvísunarnúmer rannsóknarinnar þar sem vitnað er í leyfi nefndarinnar í birtum greinum um rannsóknina. Minnt er á að tilkynna rannsóknarlok til nefndarinnar.

Með-kveðju, f.h. Vísindasiðaneftndar,  
  
Sunna Snædal, læknir, formaður